



Efni: Heimild til að hefja verkefnið BYGG 2.0

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs, að hefja verkefnið BYGG 2.0.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og búnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80014 Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá 15. febrúar til 1. júlí 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 39 m.kr., sem tilheyrir eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Greinargerð:

Verkefnið miðar að því að halda áfram uppbyggingu á stafrænu vöru- og þjónustuframboði byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar (BYGG) sem hófst með verkefninu BYGGfjör í september 2022. Með áframhaldandi þróun og tæknilegum lagfæringum verður stutt við tengingu Hlöðunnar við HMS, eyðublöð og umsóknir verða aðgengileg á Mínum síðum, fyrirkomulag og verklag rafræns innsiglis verður bætt og leiðbeiningar og upplýsingar verða gerðar aðgengilegri.

Verkefnið BYGGfjör, sem lauk 1. mars 2023, fólst í að koma pappírsumsókn um byggingarleyfi á rafrænt form ásamt því að uppfæra verkferla þannig að hægt væri að vinna með umsóknirnar á stafrænu formi. Verkefnið tókst vel upp og hefur skilað miklum ávinningi fyrir Reykjavíkurborg. Umhverfis- og skipulagssvið (USK) leggur áherslu á að halda áfram á stafrænni vegferð með áframhaldandi þróun og umbreytingu ferla og lausna hjá USK. Næstu skref eru að vinna að lagfæringum við tengingar HMS-gáttar við Hlöðuna sem skjala- og vinnuumhverfis BYGG. Jafnframt hefur verið tekin ákvörðun að taka þátt í vinnu HMS með Kolibri við þróun nýrrar gáttar fyrir byggingarleyfi.


Markmið og ávinningur með verkefninu er að:

- Gera allar umsóknir og eyðublöð BYGG stafræn og aðgengileg á Mínum síðum Reykjavíkurborgar. Nokkrar umsóknir þarf að yfirfara og umbreyta út frá aðlagaðri og bættri þjónustu BYGG.
- Halda við og bæta eins og mögulegt er núverandi tengingu HMS og Hlöðunnar sem Hugvit vinnur að, þannig að hún skili tilhlýðilegum gögnum rétt og tímanlega til BYGG, a.m.k. þangað til hægt verður að taka upp nýja HMS-gátt.
- Taka þátt í framþróun með HMS og Kolibri á nýrri gátt fyrir byggingarleyfisumsóknir og gagnaskil, að því marki sem uppfyllir kröfur borgarinnar fyrir umsóknir til BYGG.
- Bæta verklag og framsetningu rafræns innsiglis og vatnsmerkinga BYGG á rafrænar teikningar.
- Endurskoða framsetningu upplýsinga á vefsíður BYGG út frá aðlöguðu og bættu vöru- og þjónustuframboði.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 39 m.kr. Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og búnaður PON. Verkefnaklasi: 80014 Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og umbreytinga